

Sæl,

Hér að neðan eru svör ráðuneytisins vegna erindis dags. 11.12.2020, sem snýr að framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Efni: Svar við fyrirspurn Landverndar og Ólafs Arnalds er varðar framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í svari Landgræðslunnar vegna fyrirspurnarinnar, dags. 21. janúar sl., að heildaráhrif landnýtingarþáttar gæðastýringar séu jákvæð. Að mati ráðuneytisins hefur árangur náðst á þeim stutta tíma frá því að verkefnið hófst t.a.m. hvað varðar friðanir, uppgræðslu, beitartímabil, en einnig hefur orðið aukin vitund þátttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu um mikilvægi beitarstýringar og hverskyns landbóta, sem hafa það að markmiði að bæta ástand lands.

Til þessa hefur ráðuneytið unnið í nánu samstarfi með Landgræðslunni í tengslum við eftirlit með landnýtingarþætti gæðastýringar en í því felst meðal annars að hlutverk stofnunarinnar hefur verið skilgreint í verksamningum þar að lútandi. Þá hafa árlega verið gerðar áfangaskýrslur sem byggjast á eftirliti stofnunarinnar með landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjárrækt. Tekið er fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telur umfjöllun um framkvæmd á gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu mikilvæga m.t.t. þess að efla íslenska sauðfjárrækt í sátt við samfélag og náttúru þar sem sérstaða, sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun eru höfð að leiðarljósi. Einnig til að efla gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og aðra þætti sem henni tengjast, svo sem velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu í samræmi við markmið samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Eftirfarandi eru svör atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. Landgræðslan hefur þegar svarað sumum spurningum ítarlega, sem eftirlitsaðili og samstarfsaðili, en einnig fagaðili með landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjárrækt. Ráðuneytið hefur tekið saman umfjöllun um þau atriði sem við má bæta, að öðru leyti er vísað til svara Landgræðslunnar sem hafa þegar komið fram.

Vaðandi spurningar nr. 1, 2, 5, 13 og 15. sem snúa að sannreynslu upplýsinga um einstaka jarðir í upphafi gæðastýringar, vottun frístundabænda, upplýsingar um beit landi eigu annara og ferli sem því tilheyrir:

Þeir sem sóttu um aðild að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu á fyrstu árum gæðastýringar í sauðfjárrækt, þurftu ekki að sýna fram á með formlegum hætti heimild til nýtingar þess lands sem var tilgreint í umsókn. Engu að síður reyndi á slíkt ef upp komu ágreiningsmál vegna réttar umsækjanda til nýtingar á viðkomandi landi, í samræmi við þágildandi reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, nr. 175/2003. Vaðandi vottun frístundabænda í upphafi gæðastýringar er tekið fram að ef framleiðendur uppfylltu kröfur um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu fóru þeir á skrá yfir þá sem uppfylltu skilyrðin. Við skráninguna gengust aðilar undir þær skyldur sem kveðið var á um í reglugerðinni og nutu í kjölfarið álagsgreiðslna, svo lengi sem þeir uppfylltu

skyldur sínar og óskuðu ekki eftir að þær yrðu felldar niður. Auk framangreinds skal tekið fram að með gildistöku nýrra búvörusamninga árið 2017, var gerð sú krafa að handhafar stuðningsgreiðslna í sauðfjárrækt þurftu að uppfylla skilyrði um að vera eigendur eða leigjendur lögbýlis, stunda sauðfjárrækt og reka sauðfjárbú á lögbýlinu, með virkt virðisaukaskattsnúmer.

Frá því að gæðastýringarverkefnið hófst, fyrir tveimur áratugum síðan, hafa í raun fáein mál komið upp í tengslum við ágreining landeigenda og þátttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Komi slík mál upp hefur ráðuneytið, í samstarfi við Landgræðsluna, óskað eftir nánari gögnum og veitt aðilum kost á að koma sjónarmiðum á framfæri. Lögð er áhersla á að leiðbeina um hvaða reglur gilda um ágangsmál í samræmi við ákvæði laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 21/1996, girðingarlagaga nr. 135/2001 og laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Varðandi spurningu nr. 9, sem snýr að nýjum viðmiðum þ.e. ýtarlegri og faglegri upplýsingum frá framleiðendum í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu:

Nýlega var tekin upp rafræn gæðahandbók sem er meðal annars ætluð til að styrkja utanumhald og framkvæmd á gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Eitt af markmiðum gæðahandbókarinnar er að meta þróun sauðfjárframleiðslunnar, sem byggja á gögnum frá framleiðendum. Unnið hefur verið að útfærslu rafrænu gæðahandbókarinnar í tengslum við verkefnið Grólinn, sem er samstarfsverkefni Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka Íslands, ráðuneytisins og Landgræðslunnar og er verkefnið í stöðugri þróun. Upplýsingar um landnýtingu byggjast á beinni gagnasöfnun þátttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu á þeim svæðum sem kortlögð hafa verið í verkefninu. Þar gefst þátttakendum kostur á að taka þátt í verkefninu, meðal annars með því að koma ábendingum og leiðréttingum til aðstandenda Grólinnar. Í gæðahandbókinni er einnig lögð áhersla á fræðslu og þekkingarmiðlun, en í henni er þátttakendum gert kleift að nálgast upplýsingar þar að lútandi. Á þeim vettvangi verða t.a.m. aðgengilegir fyrirlestrar, upplýsingamiðlun um umhverfi býla, bættu búskaparhætti, aðbúnað, landnýtingu og beitarstýringu. Við það má bæta að í gæðahandbókinni er að finna ritin „Sauðfjárhagar“ þar sem tilgreind eru viðmið um ástand lands sbr. viðmið um ástand lands sem eru í gildandi reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, auk fróðleiksmola um sauðfjárbætur eftir Sigprúði Jónsdóttur.

Í tengslum við spurningar nr. 11 og 17, um hvort að fjárveitingar til þessa verkþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt og hvaða breytingar séu fyrirsjáanlegar í framtíðinni:

Í samræmi við ákvæði núgildandi samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktar er markmiðið meðal annars að stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu, einnig að efla gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og aðra þætti sem henni tengjast. Þá tekur ráðuneytið undir sjónarmið Landgræðslunnar þess efnis að áframhaldandi samstarf bænda, Grólinn, samstarfsverkefni Landgræðslunnar, Bændasamtakanna og Landssamtaka sauðfjárbænda geti haft áhrif á landnýtingu á næstu árum og stuðlað að því að markmiðum sem tilgreind eru í sauðfjársamningnum og þeim viðmiðum sem sett eru á hverjum tíma, um sjálfbæra landnýtingu verði náð. Unnið er að mótun reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu hjá Landgræðslunni og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á grundvelli landgræðslulaga. Ráðuneytin munu jafnframt vinna saman að því að samræma regluverk um sjálfbæra landnýtingu m.a. hvað varðar viðmið vegna gæðastýringar.

Virðingarfyllst,
Bjarki Pjetursson